Grjótnáma í Syðra-Langholti
í Hrunamannahreppi
Ákvörðun um matsskyldu

1 Inngangur

Þann 12. mars 2025 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Fögrusteinum ehf. um stækkun grjótnámu í landi Syðra-Langholts í Hrunamannahreppi, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 2.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Hrunamannahrepps, Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar, Náttúruverndarstofnunar, Umhverfis- og orkustofnunar og Vegagerðarinnar.

2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Grjótnáma í Syðra-Langholti. Matsskyldufyrirspurn. Unnið fyrir Fögrusteina ehf. 10. mars 2025.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Hrunamannahreppi dags. 16. apríl 2025
- Skeiða- og Gnúpverjahreppi dags. 22. apríl 2025
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands dags. 16. apríl 2025
- Minjastofnun Íslands dags. 29. apríl 2025
- Náttúrufræðistofnun dags. 14. apríl 2025
- Náttúruverndarstofnun dags. 25. mars 2025
- Vegagerðinni dags. 11. apríl 2025

Ekki barst umsögn frá Umhverfis- og orkustofnun.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 23. apríl 2025.

3 Fyrirhuguð framkvæmd

Fyrirhuguð framkvæmd felst í að stækka grjótnámu í landi Syðra-Langholts sem er merkt E31 í Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032. Stækkun námusvæðisins er nauðsynleg vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Búðafossveg, þar á meðal lagningar vegar og brúar yfir Þjórsá, sem og rofvarna í tengslum við brúna. Í dag er stærð efnistökusvæðisins samkvæmt deiliskipulagi 0,9 ha og vinnslumagn 45.000 m^3. Fyrirhugað er að stækka námusvæðið í 2,4 ha og auka efnistöku um 93.000 m^3 þannig að heildar efnistaka úr námunni verði 138.000 m^3. Náman er staðsett á jaðri túns sem liggur frekar hátt í landi en hallar niður að læknum Langholtsósi, um 8-10 metra. Svæðið umhverfis námuna er nokkuð gróið og er jarðvegsþykkt um 1-1,5 m á stórum hluta svæðisins og verður jarðvegurinn nýttur aftur við frágang námunnar. Aðkoma að svæðinu verður um eins km langan slóða í landi Birtingaholts sem tengist Auðsholtsvegi. Við efnistökusvæðið er tæplega 1.500 m^2 aðstöðuplan þar sem tæki og vörubílar verða staðsett í upphafi framkvæmdar. Umrædd náma

varð fyrir valinu vegna nálægðar hennar við framkvæmdasvæði Búðafossvegar en náman er um 15 km frá svæðinu, sem gerir flutning efnis hagkvæman.

Gert er ráð fyrir að hægt verði að mala og harpa efnið áður en það er flutt burt. Einnig er gert ráð fyrir að hluti efnisins verði haugsettur innan svæðisins í einhvern tíma ef það nýtist ekki strax. Við lokun námunnar verður moldarlaginu ýtt ofan í og notað til að móta og græða upp svæðið svo það líti út eins og landið umhverfis námuna.

4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila og umsögnum umsagnaraðila.

Áhrif á gróður og vistgerðir

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands einkennist svæðið að stærstum hluta af túnum og akurlendi. Auk þess sé hluti svæðisins þakin víðikjarrvist samkvæmt flokkuninni. Tún og akurlendi tilheyri ekki neinum verndarflokki en víðikjarrvist hafi mjög hátt verndargildi og sé á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnist verndar. Stórum hluta þess svæðis, sem flokkist sem víðikjarrvist, hafi þegar verið raskað vegna núverandi efnistökusvæðis. Opið á námunni liggi í gegnum bakka þar sem víðikjarrvistin finnist, en þar sem fyrirhugað er að halda þessum bakka óhreyfðum verði áhrif framkvæmdarinnar óveruleg á vistgerðina.

Áhrif á fuglalíf

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að efnistökusvæðið sé innan mikilvægs fuglasvæðis, líkt og allt Suðurlandsundirlendið. Stækkun námunnar nái að mestu yfir tún og akurlendi og muni stækkunin hafa einhver áhrif á þær fuglategundir sem nýti sér tún á fartíma í stórum hópum líkt og lómur, himbrimi, álft og grágæs. Fuglar sem verði fyrir áhrifum séu fáir og mikið sé af sambærilegum búsvæðum allt í kring. Að efnistöku lokinni verði gengið frá efnistökusvæðinu og það grætt upp, sömu tegundir fugla og eru á svæðinu í dag eigi því að geta endurheimt búsvæði sín. Því sé ekki talið líklegt að framkvæmdin muni hafa teljandi áhrif á þessar tegundir.

Áhrif á jarðmyndanir og vatnafar

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að efnistökusvæðið sé staðsett á berggrunni úr eldra grágrýti. Við efnistöku í námunni verði jarðefni fjarlægt og flutt burt til notkunar í framkvæmdir. Áhrif efnistökunnar séu því bein og varanleg. En engar sérstæðar jarðmyndanir á svæðinu og námusvæðið hvorki á friðlýstu svæði né á náttúruminjaskrá.

Fram kemur að námusvæðið liggi að hættusvæði/flóðasvæði Stóru-Laxár eins og það er afmarkað í Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 og í stórviðburðum sé líklegt að aðkomuvegur námunnar gæti farið tímabundið undir vatn og mögulega orðið fyrir tjóni. Áhrif á vatnafar séu metin óveruleg vegna fjarlægðar frá Stóru-Laxá. Náman sé hvorki innan áhrifasvæðis árinnar né innan hverfisverndar hennar eða flóðasvæðis.

Áhrif á ásýnd og landslag

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að núverandi náma sé opin frá aðstöðuplani við Langholtsás, þar sem skorið var í brekku til að draga úr sýnileika hennar. Aðkomuvegur í botni námunnar sé 5–6 metra breiður. Námuopið sjáist á kafla frá Auðholtsvegi, en sýnileiki námunnar sé mjög lítill. Fyrirhuguð stækkun muni ekki auka sýnileika námunnar, þar sem hún verði áfram unnin inn í landið. Bæði vestan og sunnan við námusvæðið skermi gróður, hæðir og hólar í landslaginu sjónlínur að námunni. Á lögbýlum á þessum svæðum, þar á meðal á Ósabakka í 750 metra fjarlægð, hindri ás í landslaginu sýn að námunni og á Gunnbjarnarholti, í þriggja kílómetra

fjarlægð, skermi gróður og hæðótt landslag hana að mestu. Stækkun námunnar muni óhjákvæmilega breyta lögun landsins, en við lokun hennar verði dregið úr sjónrænum áhrifum með því að nota yfirborðsefni til að móta landið að umhverfinu.

Áhrif á umferð

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að efni sem tekið verði úr námunni verði nýtt í brúargerð og rofvarnir við nýjan Búðafossveg. Akstur til og frá námunni verði um Auðsholtsveg, Skeiða- og Hrunamannaveg og Þjórsárdalsveg og á framkvæmdatíma sé líklegt að farið verði 15-20 ferðir á dag. Áhrif á umferð svæðisins séu metin óveruleg, þar sem þau séu mjög staðbundin við 15 km vegkafla og aðeins lítill fjöldi fólks verði fyrir tímabundnum áhrifum.

Í umsögn Vegagerðarinnar kemur fram að þungatakmarkanir gildi fyrir vegi í umsjón Vegagerðarinnar, þar sem sett séu mörk á leyfilegan öxulþunga og heildarflutninga á sólarhring. Sækja þurfi um undanþágu frá Samgöngustofu ef þungaflutningar fari yfir þessi mörk. Vegagerðin leggi áherslu á að farmur sé tryggilega festur og að hjól og dekk ökutækja séu hreinsuð áður en ekið sé inn á þjóðvegi, til að draga úr hættu á dreifingu efnis og mengunar.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að tekið verði tillit til þungatakmarkana og ef þær fari yfir tilgreind mörk muni framkvæmdaraðili sækja um undanþágu til Samgöngustofu. Við flutning efnis verði tryggt að farmur sé tryggilega festur og að hjól og dekk ökutækja séu hreinsuð áður en ekið sé inn á þjóðvegi, til að draga úr hættu á dreifingu efnis og mengunar.

Áhrif á menningarminjar

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að engar þekktar minjar séu á svæðinu en gerð var aðalskráning fyrir sveitarfélagið árið 2020. Því sé talið að framkvæmdirnar hafi engin áhrif á fornminjar.

5 Skipulag og leyfi

Fyrirhugað grjótnám er þar sem efnistökusvæði nr. E31 er staðsett í Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032. En breyta þarf aðalskipulaginu þar sem ráðgert er að taka meira magn heldur en gert er ráð fyrir í skipulaginu.

Grjótnámið er háð framkvæmdarleyfi Hrunamannahrepps skv. skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Afla þarf starfsleyfis frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands vegna efnistöku skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnir.

6 Niðurstaða

Um er að ræða stækkun grjótnámu í landi Syðra-Langholts í Hrunamannahreppi vegna framkvæmda við Búðaveg sem kemur til með að þvera Þjórsá nærri fyrirhugaðri Hvammsvirkjun. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 2.02 (og lið 13.02) í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Eðli, staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli hennar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, samlegðar með öðrum framkvæmdum og nýtingar náttúruauðlinda sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar, magns og getu náttúruauðlinda til endurnýjunar, verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd. Einnig ber að líta

til álagsþols náttúrunnar, svo sem með tilliti til votlendissvæða, sérstæðra jarðmyndana, landslagsheilda og kjörlendis dýra sbr. 2. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Að endingu ber að skoða áhrif framkvæmdar í ljósi gerðar og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, svo sem með tilliti til: umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, afturkræfni áhrifa, samlegðaráhrifa með áhrifum annarra framkvæmda sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Um er að ræða stækkun á grjótnámu í landi um 93.000 m^3 og úr 0,9 ha í 2,4 ha. Náman er opin og hafa neikvæð áhrif af námurekstrinum að miklu leyti þegar komið fram. En stækkunin hefur í för með sér aukin umhverfisáhrif af sama toga og þegar hafa komið fram. Að mati Skipulagsstofnunar felast neikvæðustu áhrifin af framkvæmdinni í varanlegum óafturkræfum áhrifum á jarðmyndanir. En þar sem þær jarðmyndanir sem um ræðir njóta hvorki verndar né eru aðgengilegar á yfirborði þá eru áhrifin ekki veruleg. Að mestu leyti er rask á landi bundið við landbúnaðarland þar sem afgerandi áhrifa mannlegra athafna gætir nú þegar. Skipulagsstofnun telur brýnt að vandað verði til verka við frágang námunnar þannig að land verði mótað að umhverfi hennar þegar framkvæmdum lýkur. Skipulagsstofnun hvetur sérstaklega til þess að allt verði gert til að hlífa því svæði þar sem víðikjarrvist er ríkjandi. Gangi það eftir má gera ráð fyrir að umhverfisáhrifin verði að mestu leyti tímabundin vegna ónæðis á framkvæmdatíma. En þess mun gæta á fuglalíf sem og þá sem finna fyrir efnisflutningum frá námunni að framkvæmdastað við fyrirhugaðan Búðaveg.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirliggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 1. júní 2025.

Reykjavík, 30. apríl 2025

Jakob Gunnarsson Sigurður Ásbjörnsson

Rafræn skilríki

Skipulagsstofnun



Jakob Gunnarsson
Sérfræðingur, svið umhverfismats

Undirritað með OneSign

Rafræn skilríki

Skipulagsstofnun

Sigurður Ásbjörnsson
Sérfræðingur, svið umhverfismats

Undirritað með OneSign